



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um Breiðholtsbraut (US210136).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 12. maí sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins hefur miklar áhyggjur af þróun umferðarmála á Breiðholtsbraut. Þar er umferð oft mikil, einkum á Breiðholtsbrautinni á annatímum. Þar hafa nú myndast langar bílaraðir á morgnana, síðdegis og við upphaf frídaga og enda þeirra. Það er orðið afar brýnt að tvöfalda legginn frá Jafnaseli að Rauðavatni.

Fulltrúi Flokks fólksins óskar að vita hvað skipulagsyfirlögd hyggjast gera í þessu, hvernig á að bregðast við þessu og hvenær. Málið er brýnt og þarfnast tafarlausra aðgerðar.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 2. júní sl.

Svar við fyrirspurn:

Breiðholtsbraut (413) milli Rauðavatns og Reykjanesbrautar er þjóðvegur í veghaldi Vegagerðarinnar, sem vinnur í samræmi við samþykktu samgönguáætlun hverju sinni. Samkvæmt núgildandi fjögurra ára samgönguáætlun 2020 – 2024, eru fyrirhuguð ný vegamót á Breiðholtsbraut vegna tengingar við Arnarnesveg en framkvæmdin er hluti af samgöngusáttmálanum. Aðrar framkvæmdir á Breiðholtsbraut eru ekki fyrirhugaðar á gildistíma áætlunarinnar.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri